

Nd.

25. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 73, 22. nóv. 1907, nm útflutning hrossa.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. laganna skal orða svo:

Ennfremur er bannað að flytja til sčlu á erlendum markaði yngri hross en 3 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 2 vetra má þó flytja út, ef þau eru stór og falleg útlits.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa allmiklir örðugleikar verið á því á undanfórnum árum að selja íslenzka hesta á erlendum markaði, og því ekki alménnt svarað kostnaði að ala upp hross til útflutnings. Mest er nú selt til Danmerkur, sökum þess að þeir þekkja þjóða bezt kosti íslenzkra hesta. Danir þekkja það af reynslu, að því yngri sem þeir fá hestana, því meira tápi koma þeir í þá með eldi. Þess vegna er lítill eða enginn verðmunur á 3 vetra hrossum og eldri, enda eru þau mestmegnis send þangað. Flutningsmaður hefir þrásinnis fengið fyrirspurnir og tilboð um tveggja vetra hross frá Danmörku, og verðið verið svipað og á eldri hrossum. Það mundi verða til ótvíræðra hagsmuna fyrir bændur að þurfa ekki að kosta upp á fóður hrossanna nema til 2 vetra aldurs, en alls ekki spilla fyrir framtíðarmarkaði, heldur þvert á móti. Nánar í framsögu.